

Polyscreen PS iðnaðar prentlitur.

Polyscreen PS er mjög sterkur og endingargóður prentlitur til prentunar á alls konar málma og erfiða fleti, svo sem ál og stál, polyethylene, polypropylene og ýmis önnur plastefni, gler og postulín. Einnig er Polyscreen PS góður í púðaprentun (pad printing). Polyscreen PS er tveggja þátta litur með glansandi áferð, sem hægt er að gera matta með sérstöku íblöndunarefni. Polyscreen PS hefur mikið hitaþol, er veðurþolinn og hefur mikið viðnám við hreinsiefnum, sýrum og olíum.

Við prentun er mælt með prentneti með þéttleika 90-120 þ.sm. Þurrktími er nokkuð breytilegur; eða frá 5-8 mín við 150°C í þurrkofni en ½ -5 klst. við loftþurrkun. Fer það eftir gerð þynniss og aðstæðum. Polyscreen PS þolir betur veðrun við lengri þurrktíma.

Litaúrval Polyscreen PS er 14 litir, ásamt glæru (varnish) sem notuð er þegar fá þarf liti með gull eða silfur áferð, en þá er blandað í hana gull eða silfur duft. Íblöndunarefni eru ZV551 þynnir, ZE570 hraðþynnir og ZE574 þurrktöf (retarder). Polyscreen PS notast ávallt með PS386 hvata; blöndun er 5 hl. prentlitur og 1 hl. hvati eftir þyngd

Alltaf skal hræra prentlit vel upp fyrir hverja prentun og ráðlegt er að reyna festu litar á prentgrip áður en framleiðsluprentun hefst. Hafi hjálparefni verið bætt í prentlit, má aldrei hella lit til baka í dósina.